



Ágætu sjóðfélagar

Ég býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn. Ég tel að sú mikla þekking og áratuga reynsla af lífeyrissjóðakerfinu sem ég hef öðlast sé dýrmæt þegar kemur að stjórnarsetu í Frjálsa.

Ég er menntaður viðskiptafræðingur MBA með grunnenntun frá háskólanum í Gautaborg í fjölmiðla- og félagsfræði. Ég starfa sem framkvæmdastjóri Norræna félagsins á Íslandi.

Mín fyrstu kynni af lífeyrissjóðum var árið 1995 þegar þáverandi stéttarfélag mitt, Flugfreyjufélag Íslands, gerði tímamóta kjarasamning sem fól í sér að hluti af launahækkun var látin renna í séreignasparnað flugfreyja. Síðar sem formaður og samningsaðili sama stéttarfélags dýpkaði þekking mín á lífeyrissjóðakerfinu og uppbyggingu þess og síðan hef ég haft brennandi áhuga á lífeyrissjóðamálum.

Ég hóf mína vegferð hjá lífeyrissjóðnum Einingu, var kosin í stjórn Frjálsa árið 2002 og varð síðar varaformaður. Frá árinu 2020 hef ég verið formaður sjóðsins. Ég hef setið í endurskoðunarnefnd Frjálsa og er í uppstillingarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða.

Á þessum tíma hef ég varið miklum tíma í að upplýsa samferðarmenn mína um mikilvægi þess að hafa áhuga á og bera ábyrgð á lífeyrissparnaði því lífeyrissparnaður er eins og hver önnur fjárfesting, hann ber að vakta.

Ég hef verið sjóðfélagi frá 2002 og nú er svo komið að ég er með allan minn lífeyrissparnað hjá Frjálsa bæði séreignina og samtrygginginu og tel ég mínum hagsmunum vel varið.

Ég óska eftir umboði ykkar til að halda áfram að vinna að framgangi Frjálsa lífeyrissjóðsins, standa vörð um gildi hans og stefnu og ekki síst um hagsmuni okkar sjóðfélaga.

Ásdís Eva Hannesdóttir